# Farteymi

Kynning á starfsemi farteyma hjá Reykjavíkurborg

# Sagan og hlutverk

- Borgarráð samþykkti þann 15. mars 2018 að stofnuð yrðu tvö farteymi sem myndu vinna þvert á borgina og staðsett væru í skipuriti, á skóla og frístundasviði.
  - Ákvörðunin er tekin í kjölfar skýrslu sem unnin var af starfshópi um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda. Í hópnum voru fulltrúar skólastjóra, þjónustumiðstöðva og skrifstofu SFS.

- Hlutverk farteyma er að veita þjónustu til grunnskóla Reykjavíkur varðandi málefni barna með fjölþættan vanda.
- Í borginni voru upphaflega sett upp tvö teymi; í austur og vestur til þess að sinna borgarreknum skólunum, teymin áttu upphaflega „heima“ í tveimur grunnskólum borgarinnar.

- Með tilkomu nýju farsældarlaganna og Betri borgar fyrir börn var teymunum skipt upp og þau færð inná allar borgarmiðstöðvar frá og með febrúar 2022.

# Nánar um hlutverk

- Hlutverk farteyma er að veita stoðþjónustu til grunnskóla Reykjavíkur í málefnum barna með fjölþættan vanda
  - Börn sem beita ofbeldi
  - Börn sem valda röskun á skólastarfi
- Teymin hafa tvíþætt hlutverk, annars vegar handleiðslu- og ráðgjafarhlutverk við starfsfólk almennra grunnskóla og forráðamenn nemenda og hins vegar stuðning og kennslu fyrir nemendur.
- Samkvæmt starfsreglum Farteyma er gert ráð fyrir að hvert mál geti tekið átta vikur og í ýtrustu tilvikum allt að tólf vikum, þar af er áhorf og lokun máls. Almennt eru mál unnin úti á vettvangi heimaskólanna og áhersla lögð á svokallaða gólfvinnu. Ráðgjafar farteyma fara í viðkomandi skóla og aðstoða nemanda og starfsfólk við að koma á þeim breytingum sem talið er að nýtist í samræmi við fyrirliggjandi áætlun í málinu. Ráðgjafar útbúa allt sem til þarf eins og umbunarkerfi og slíkt

# Nokkur dæmi um niðurstöður mála og vinnsluáherslur í Farteymi

- Endurmat á námslegri stöðu/getu nemanda
- Aðlagað námsefni.
- Tímavaki og lotuvinna.
- Pásumiðar.
- Námsskrá nemanda og/eða stundaskrá endurskoðuð.
    - Stuðningur við gerð samþættrar einstaklingsnámskrá í samstarfi við frístundahluta
- Sett upp hvatningarkerfi fyrir nemendur.
- Myndrænt skipulag.
- Aukinn stuðningur við nemanda (námslega og/eða félagslega).
- Nýtt hlutverk fyrir nemanda eins og t.d. lestrarstjóri á yngri stigum, aðstoða við matseld.
- Gerðar nýjar aðgerðaráætlanir – ný viðbrögð í skóla við hegðunar og samskiptavanda nemanda.
- Nemandi fer í dagleg/vikuleg viðtöl í skóla hjá skólastjórnanda, hjúkrunarfræðingi, námsráðgjafa eða umsjónarkennara.
- Nemandi hefur talsmann innan skólans sem hann getur leitað til - nemandinn fær nemendapassa sem hann nýtir þegar hann þarf að hitta talsmann.

- Samþætting skoðuð
- Atvinnutengt nám fyrir nemendur á unglingastigi skoðað
- Nýr umsjónarkennari.
- Nýr stuðningsfulltrúi.
- Innleiðing félagsráðgjafa í málið
- Viðtöl hjá ráðgjafa Farteymis þar sem unnið var með líðan og reiðistjórnun.
- Samtöl og stuðningur við foreldra/forsjáraðila. •
- Námskeið ART.
- Viðbragðsáætlun við ofbeldi útbúin og nýtt.
- Fræðsla inn í bekk um góð samskipti.
- Fræðsla. inn í bekk um ofbeldi.
- Félagsfærnisögur/samskiptabækur o.fl.
- Stuðningur við kennara, stuðningsviðtöl, kennsluráðgjöf.
- Tilkynning til Barnaverndar.
- Aðstoð við undirbúning undir að sækja um í Brúarskóla

# Staðan í dag

- Suðurmiðstöð
  - tveir atferlisfræðingar, fjölskylduráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi/kennari
  - skólaárið 2024 – 2025 komu inn 13 beiðnir í farteymi vegna nemenda í 2.-10. Bekk. Tvö mál af þessum 13 eru enn í vinnslu.
- Austurmiðstöð
  - fjórir starfsmenn; sálfræðingur, fjölskyldufræðingur, atferlisfræðingur, kennarar, ásamt öðrum BBB ráðgjöfum eftir málum.
  - skólaárið 2024-2025 komu ráðgjafar farteymis að 27 málum vegna nemenda í 1.-10. bekk
- Vesturmiðstöð
  - fjórir starfsmenn, sálfræðingur, kennsluráðgjafi, fjölskyldufræðingur, hegðunarráðgjafi starfa með teymi, ásamt öðrum BBB ráðgjöfum eftir málum
  - skólaárið 2024-2025 13 umsóknir um að komu farteymis vegna nemenda í 1.-8. bekk unnið
  - var að auki í eftirfylgni með eldri málum
- Norðurmiðstöð

# Farteymi önnur störf

- Bráðamál
- Lausnateymi
- Ráðgjöf til starfsfólks grunnskólanna
- Skólaforðunarteymi
- Önnur úrræði PMTO/ART/OFL

# Viljum við ræða

- Reglugerð um líkamleg inngrip
  - fyrri vinnsla í skólunum
- Skráningar atvika
  - í Ask
  - tjón sem geta orðið
- Það við sjáum að er að gerast varðandi yngri hópa
- Orðið ofbeldi í tengslum við börn
- Skortur á úrræðum



Reykjavík